

ÁKVÖRDUN RÁÐSINS

frá 30. mars 1998

um að samþykkja áætlun bandalagsins til fleiri ára um að stuðla að því að komið verði á upplýsingasamfélagi í Evrópu (upplýsingasamfélagið)

(98/253/EB)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 235. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Þegar upplýsingasamfélagið verður að veruleika getur það, á grundvelli nýrra tegunda efnahagslegra, pólitískra og félagslegra samskipta, hjálpað bandalaginu við að takast á við viðfangsefni næstu aldar, einkum sköpun nýrra starfa, eins og bent er á í hvítbók framkvæmdastjórnarinnar um „vöxt, samkeppnishæfni og atvinnumál — viðfangsefni og leiðir fram á við inn í 21. öldina“.
- 2) Á fundi sínum á Korfú 24. og 25. júní 1994 tók leiðtoga ráðið mið af tilmælum hóps háttsettra sérfræðinga um upplýsingasamfélagið sem voru sett fram í skýrslunni „Evrópa og hið víðtæka upplýsingasamfélag“ og framkvæmdastjórnin kom á fót aðgerða-áætlun með raunhæfum ráðstöfunum, bæði á vettvangi bandalagsins og aðildarríkjanna.
- 3) Á fundi leiðtogaráðsins í Flórens 21. og 22. júní 1996 lagði leiðtoga ráðið áherslu á möguleika upplýsingasamfélagsins á menntun og þjálfun, skipulagi atvinnu-mála og atvinnusköpun.

4) Hraðinn í þróun upplýsingasamfélagsins veltur að miklu leyti á vitund, skilningi og stuðningi borgaranna og opinberra og einkarekinna stofnana á notkunarmöguleikum nýrrar upplýsinga- og fjarskiptatækni við að þjóna þörfum fólks og fyrirtækja.

5) Forsenda fyrir því að unnt verði að gera upplýsingasamfélagið að veruleika er að hver borgari, fyrirtæki eða opinber samtök hvar sem er í bandalaginu hafi aðgang að þeim upplýsingum sem þau þarfnast.

6) Tilkoma upplýsingasamfélagsins mun smám saman breyta eðli og inntaki mannglegra athafna á öllum sviðum og hafa mikilvæg gagnkvæm áhrif þvert á svið sem hafa verið óháð hvert öðru hingað til.

7) Þegar gerðar eru nauðsynlegar ráðstafanir til að koma upplýsingasamfélaginu í framkvæmd verður að taka mið af efnahagslegri og félagslegri samheldni bandalagsins annars vegar og samfellu í starfsemi innri markaðarins hins vegar.

8) Skilgreining á þessum ráðstöfunum krefst þess að fyrst fari fram greining til undirbúnings sem miðar að því að bæta skilning á þeim sviðum sem aðgerðir bandalagsins, er varða upplýsingasamfélagið, geta haft áhrif á.

⁽¹⁾ Stjtuð EB C 51, 21. 2. 1997, bls. 12.

⁽²⁾ Stjtuð EB C 222, 21. 7. 1997, bls. 39.

- 9) Í fyrstu bráðabirgðaskýrslu háttsetta sérfræðinga-hópsins um félagslega og samfélagslega þætti upplýsingasamfélagsins frá janúar 1996 komu fram fyrstu hugleiðingar hópsins með tilliti til undirbúnings lokaskýrslunnar.
- 10) Í fyrstu ársskýrslu samráðsvettvangs um upplýsingasamfélagið til framkvæmdastjórnarinnar í júní 1996 var lagt til að framkvæmdastjórnin gangist fyrir upplýsingaherferð í bandalaginu til að vekja fólk til vitundar, ýti undir þær aðgerðir sem henta best til að stuðla að bestu starfsháttum, stuðli að notkun nýrrar tækni, beini athyglinni sérstaklega að því að skoða efnahagsleg og félagsleg áhrif upplýsingasamfélagsins og tryggja að fatlaðir hafi sama aðgang að upplýsingasamfélaginu og aðrir.
- 11) Framkvæmdastjórnin samþykkti 24. júlí 1996 grænbók um „Líf og starf í upplýsingasamfélaginu: Fólkið í fyrirrúmi“ sem er ætlað að dýpka pólitíska, félagslega og almenna umræðu um mikilvægustu félagslegu og samfélagslegu þætti upplýsingasamfélagsins. Í ljósi þeirra viðbragða sem fram koma leggur framkvæmdastjórnin fram tillögur að aðgerðum á árinu 1997.
- 12) Þegar gerðar eru nauðsynlegar ráðstafanir til að koma upplýsingasamfélaginu í framkvæmd verður að taka mið af því að upplýsingasamfélagið er hnattrænt.
- 13) Á ráðstefnu sjö helstu iðnríkja heims um upplýsingasamfélag og þróun, sem haldin var í Midrand í Suður-Afríku 13. til 15. maí 1996, var viðurkennt að rétt væri nota „upplýsingasamfélagsaðferðina“ til hagsbóta fyrir þróunarlöndin í því skyni að mæta sérstökum þörfum þeirra og leysa þau viðfangsefni sem þau þurfa að takast á við, styðja við sjálfbæran vöxt og tryggja skilvirka þátttöku þeirra í því hnattræna, „rafræna“ efnahagslífi sem er í augnsýn.
- 14) Á Rómarráðstefnunni, sem haldin var 30. og 31. maí 1996, var viðurkennt að einn af þáttunum í þeirri pólitísku umræðu sem hófst á milli bandalagsins og ríkjanna tólf er taka þátt í samskiptum Evrópu og Miðjarðarhafslandanna, sem stofnað var til á Barcelona-ráðstefnunni í nóvember 1995, sé einmitt myndun raunverulega opins upplýsingasamfélags á Miðjarðarhafssvæðinu sem muni njóta góðs af vexti, bætri samkeppnishæfni og atvinnu fyrir notendur, atvinnuvegina og þjónustuveitendur í upplýsinga- og fjarskiptatækni.
- 15) Á öðru málþingi Evrópubandalagsins og Mið- og Austur-Evrópuríkja um upplýsingasamfélagið, sem haldið var í Prag 12. og 13. september 1996, var staðfest að þau mál, sem varða þróun upplýsingasamfélagsins, eru sérstaklega mikilvæg þeim Evrópu-
- löndum sem vinna að umbótum á hagkerfi sínu og lögð var áhersla á að nauðsynlegt væri að skapa vettvang fyrir upplýsingaskipti og samræður.
- 16) Þeir möguleikar til aðgerða, til dæmis á sviðum rannsóknar og þróunar, samevrópskra netkerfa, inntaks upplýsinga, félagslegrar stefnumörkunar og stöðlunar, sem eru fyrir hendi skulu ekki skarast við aðra möguleika á þessum sviðum.
- 17) Framvinda þessarar áætlunar skal vera í stöðugri og kerfisbundinni skoðun. Við lok áætlunarinnar skal fara fram lokamat á niðurstöðum hennar í ljósi þeirra markmiða sem eru sett fram í þessari ákvörðun.
- 18) Nauðsynlegt er að fastsetja gildistíma áætlunarinnar.
- 19) Í þessari ákvörðun er tilgreind fjárhagsviðmiðun, í skilningi 2. liðar yfirlýsingar Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar frá 6. mars 1995, sem stendur á meðan áætlun þessi helst í gildi, án þess þó að hafa áhrif á heimildir fjárveitingavaldsins eins og skilgreint er í sáttmálanum.
- 20) Í sáttmálanum er ekki gert ráð fyrir öðrum heimildum vegna samþykktar þessarar ákvörðunar en þeim sem um getur í 235. gr.

SAMÞYKKT ÞESSA ÁKVÖRÐUN:

I. gr.

Hér með er samþykkt áætlun (upplýsingasamfélagið) með eftirfarandi markmið:

- að vekja almenning til vitundar og skilnings um möguleg áhrif upplýsingasamfélagsins og um nýja notkunarmöguleika þess um alla Evrópu með því að örva áhuga fólks og hæfni til að taka þátt í þróuninni í átt til upplýsingasamfélagsins,
- að hagnýta hinn félagshagfræðilega ávinning, sem upplýsingasamfélagið í Evrópu hefur í för með sér, með því að greina tæknilegar, efnahagslegar, félagslegar og stjórnsýslulegar hliðar þess, leggja mat á viðfangsefni sem upp koma við aðlögunina að því, meðal annars hvað varðar atvinnu, og stuðla að samvirkni og samvinnu á vettvangi bandalagsins annars vegar og aðildarríkjanna hins vegar,
- auka hlutverk og sýnileika Evrópu í hnattrænu samhengi upplýsingasamfélagsins.

Þær aðgerðir sem er lýst í þessari áætlun ná yfir fleiri en eitt svið og styðja þannig við aðgerðir bandalagsins á öðrum sviðum. Engin þessara aðgerða skal vera nákvæm eftirlíking á þeirri vinnu sem er unnin á þessum sviðum samkvæmt áætlunum bandalagsins. Aðrar viðeigandi bandalagsáætlanir skulu tengjast þróun aðgerðanna þannig að komast megi hjá skörun, stuðla að því að bæta við önnur framtaksverkefni og færa frekari sérfræðiþekkingu inn í þessa áætlun.

Áætluninni er einnig ætlað að mynda sameiginlegan ramma fyrir aukna samvirkni og samnýtingu á evrópskum vettvangi milli ýmissa innlendra, svæðisbundinna eða staðbundinna framtaksverkefna sem miða að því að gera upplýsingasamfélaginu að veruleika, einkum með aðstoð nefndarinnar sem kveðið er á um í 1. mgr. 5. gr., þannig að nota megi aðstöðu og búnað sem þegar er fyrir hendi og auka gagnsæi og samvinnu á evrópskum vettvangi um leið og dreifraðið er nýtt til fulls.

2. gr.

Til að ná markmiðunum, sem um getur í 1. gr., skal ráðast í eftirfarandi flokk aðgerða:

a) Ráðstafanir til að vekja fólk í Evrópu til vitundar með því að:

- auka þar sem þörf krefur gildi framtaksverkefna sem geta verið staðbundin, á landsvísu eða náð yfir landamæri og miða að því að auka skilning, til dæmis með miðlun upplýsinga um tækifæri, kosti og hugsanlega áhættuþætti samfara upplýsingasamfélaginu, hvort sem ráðstafanirnar beinast að almenningsi eða sérstökum markhópum,
- safna og miðla upplýsingum um þarfir borgaranna og notenda að því er tekur til þjónustu og notkunarmöguleika upplýsingasamfélagsins,
- gera almenningsi og öðrum hagsmunaaðilum sýnileg þau raunveruleg verkefni sem verið er að vinna í þeirra þágu,
- fylgjast með vitund almennings og því hversu vel hann þekkir þjónustu og notkunarmöguleika upplýsingasamfélagsins, einkum með gerð reglulegra kannana og með því að fella innlendar kannanir inn í evrópska heildarmynd,
- örva áhuga fyrirtækja, einkum lítilla og meðalstórra, á því að bjóða upp á þjónustu og notkunarmöguleika sem uppfylla þær þarfir sem borgarar og neytendur hafa látið í ljósi, til dæmis með því að kynna starfsemi, netkerfi, notkunarmöguleika og raunhæf tækifæri sem upplýsingasamfélagið hefur að bjóða,

— sýna fram á hugsanleg áhrif upplýsingasamfélagsins á svæðisbundnum vettvangi og yfir landamæri og stuðla að miðlun viðeigandi upplýsinga milli borga og svæða,

— styðja við umræðuvettvang upplýsingasamfélagsins, þar sem saman koma sérfræðingar sem eru fulltrúar fjölmargra hagsmunaaðila í iðnaði, heimi vísinda og fræða, fjölmiðlum, launþegasamtökum og neytenda- og notendahópum, sem verða framkvæmdastjórninni til ráðgjafar um þau viðfangsefni sem þróun upplýsingasamfélagsins hefur í för með sér.

b) Aðgerðir til að hagnýta svo sem kostur er hinn félagshagfræðilega ávinning, sem upplýsingasamfélagið í Evrópu hefur í för með sér, með því að:

— meta þau tækifæri og hindranir við að nálgast og nýta þjónustu og vörur upplýsingasamfélagsins sem lakar settir þjóðfélagshópar, jaðarsvæði og verr sett svæði standa frammi fyrir; skilgreina viðeigandi ráðstafanir til að yfirstíga þessar hindranir og nýta þann ávinning sem af þessu verður,

— greina yfirstandandi framtaksverkefni, bæði á landsvísu og á evrópskum vettvangi, er varða notkunarmöguleika, sem fer einkum fram á grundvelli varanlegrar skrár yfir verkefni sem auðvelda notkun upplýsingasamfélagsins,

— tryggja gagnsæi, einkum á grundvelli varanlegrar skrár, þeirrar stefnumörkunar og áætlana, sem nú er unnið að, bæði á landsvísu og á evrópskum vettvangi,

— leggja bestu áætlanirnar og starfshættina til grundvallar samevrópsku safni yfir stefnur er varða upplýsingasamfélagið, verkefni þess og þjónustu,

— stuðla að skiptum á sérþekkingu og miðlun reynslu í tengslum við yfirstandandi rannsóknir og starfsemi á evrópskum vettvangi og á landsvísu,

— finna og meta þau fjármögnunarkerfi sem eru nauðsynlegt til að þróa upplýsingasamfélagið, einkum þau sem geta stutt við samstarfsverkefni opinberra aðila og einkaaðila um notkunarmöguleika í þágu almannahagsmuna,

— kanna hindranir á starfsemi innri markaðarins á sviði upplýsingasamfélagsins og íhuga ráðstafanir til að tryggja fullan hag á þessu sviði án þess að hindra þróun upplýsingasamfélagsins og taka jafnframt tillit til margbreytileika tungumálanna,

- hrinda úr vör aðgerðum til að ganga úr skugga um forgangsröðun lítilla og meðalstórra fyrirtækja með tilliti til þeirra hindrana sem hamla notkun þessara fyrirtækja á upplýsinga- og fjarskiptatækni, í nánum tengslum við átak framkvæmdastjórnarinnar sem miðar að því að virkja ólíka hópa notenda upplýsinga- og fjarskiptatækni,
 - stuðla að tölvulæsi í menntageiranum með því að miðla reynslu í þessum efnum sem fengist hefur á landsvísu og á vettvangi bandalagsins.
- c) Ráðstafanir til að leggja áherslu á hlutverk og sýnileika Evrópu innan upplýsingasamfélagsins sem nær um allan heim:
- gerð skrár yfir framtaksverkefni um allan heim,
 - skipti á upplýsingum við þriðju lönd, einkum í því skyni að hvetja þau til að nýta sér möguleika upplýsingasamfélagsins,
 - samvinna við undirbúning tilraunaverkefna, annaðhvort á tvíhliða grundvelli eða í samvinnu við alþjóðastofnanir.

Á hverju ári verða skilgreindar vinnuáætlanir fyrir þær tegundir aðgerða sem að framan greinir og í þeim ætti að skilgreina forgangsröð starfssviða og beinar aðgerðir með það að markmiði að virðisauki á evrópskum vettvangi verði sem mestur.

3. gr.

Til að ná þeim markmiðum sem eru tilgreind í 1. gr. og koma til framkvæmda þeim aðgerðum, sem eru skilgreindar í 2. gr., er framkvæmdastjórninni heimilt að nota viðeigandi úrræði, einkum að:

- gera samninga um framkvæmd verkefna sem tengjast greiningu, rannsóknnum, nákvæmum rannsóknum á sérstökum sviðum og sýniverkefni, sem eru takmörkuð að umfangi, og um samræmingu, mat og meðfjármögnun aðgerða,
- skipuleggja, taka þátt í og veita styrki vegna funda sérfræðinga, ráðstefna, málþinga, samráðs fólks eða hópa sem eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta, einkum í því skyni að hvetja þriðju lönd til að nýta sér möguleika upplýsingasamfélagsins,
- gefa út og miðla upplýsingum.

4. gr.

1. Áætlunin skal taka til tímabilsins frá 1. janúar 1998 til 31. desember 2002.

2. Fjárhagsviðmiðun fyrir framkvæmd téðrar áætlunar verður 25 milljónir eka (ECU). Leiðbeinandi sundurliðun útgjalda er að finna í viðaukanum.

3. Fjárveitingavaldið heimilar fjárveitingar innan ramma árlegrar fjárlagagerðar og í samræmi við forsendur fjárlagagerðar hverju sinni.

5. gr.

1. Framkvæmdastjórnin ber ábyrgð á framkvæmd áætlunarinnar og samræmingu hennar við aðrar áætlanir bandalagsins.

Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar sem skipuð er fulltrúum aðildarríkjanna undir formennsku fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar.

2. Málsmeðferðin, sem mælt er fyrir um í 6. gr., gildir um:

- samþykkt vinnuáætlunarinnar, þar með talið umfang fjármögnunar,
- sundurliðun útgjaldaliða,
- viðmiðanir og inntak auglýsinga eftir tillögum,
- mat á verkefnum sem stungið er upp á þegar auglýst er eftir tillögum varðandi fjármögnun bandalagsins og áætlaða fjárhæð framlags bandalagsins til hvers verkefnis, þegar um er að ræða fjárhæðir sem eru 100 000 ekur (ECU) eða meira,
- ráðstafanir til að meta áætlanir,
- þátttöku lögaðila frá þriðju löndum eða alþjóðastofnana í verkefnum.

3. Ef fjárframlag bandalagsins er lægra en 100 000 ekur (ECU), samkvæmt fjórða undirlið 2. mgr., skal framkvæmdastjórnin upplýsa nefndina um verkefnið og niðurstöður mats á þeim.

4. Framkvæmdastjórnin skal upplýsa nefndina reglulega um framvindu við framkvæmd áætlunarinnar í heild sinni.

6. gr.

Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitinu sínu innan þeirra tímamarka sem formanni er heimilt að setja eftir því hversu brýnt málið er. Álitid skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. Sáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðinu ber að samþykkja að tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni vega eins og mælt er fyrir um í þeirri grein. Formaðurinn greiðir ekki atkvæði.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir séu þær í samræmi við álit nefndarinnar.

Séu fyrirhugaðar ráðstafanir ekki í samræmi við álit nefndarinnar, eða skili nefndin ekki álit, ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja tillögu fyrir ráðið um þær ráðstafanir sem gera skal. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

Hafi ráðið ekki aðhafst innan þriggja mánaða frá því að tillagan var lögð fyrir það skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir.

7. gr.

Nefndin getur kallað saman umræðuvettvang þann um upplýsingasamfélagið, sem um getur í síðasta undirlíð í a- lið 2. gr., til ráðgjafar eða leiðbeiningar.

8. gr.

1. Til að tryggja að aðstoð bandalagsins sé notuð á árangursríkan hátt ber nefndinni að tryggja að aðgerðir séu metnar fyrir fram samkvæmt þessari ákvörðun, eftirlit sé haft með framkvæmdum og aðgerðir metnar við framkvæmdalok.

2. Við framkvæmd aðgerða og að þeim loknum ber framkvæmdastjórninni að meta með hvaða hætti þær hafa verið framkvæmdar og áhrif þeirra og meta þannig hvort upphaflegu markmiðunum hafi verið náð.

3. Styrkþegar skulu árlega leggja fram skýrslu til framkvæmdastjórnarinnar eða lokaskýrslu þegar um skammtíma-verkefni er að ræða.

4. Að tveimur árum liðnum og í lok áætlunarinnar ber framkvæmdastjórninni að leggja fyrir Evrópuþingið, ráðið, efnahags- og félagsmálanefndina og svæðanefndina matskýrslu um besta árangur sem náðst hefur við framkvæmd aðgerðanna, sem um getur í 2. mgr., eftir að nefndin, sem um getur í 1. mgr. 5. gr., hefur skoðað skýrsluna. Framkvæmdastjórnin getur á grundvelli þessara niðurstaðna lagt fram tillögur um lagfæringar á stefnumörkun í áætluninni.

9. gr.

Þátttaka í þessari áætlun skal vera frjálfs lögaðilum í þriðju löndum og alþjóðstofnunum, í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í 6. gr., án fjárhagslegs stuðnings bandalagsins á grundvelli þessarar áætlunar, þegar slík þátttaka styrkir framkvæmd áætlunarinnar og að teknu tilliti til meginreglunnar um beggja hag.

10. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 30. mars 1998.

Fyrir hönd ráðsins,

LORD SIMON of HIGHBURY

forseti.

VIÐAUKI

ÁÆTLUN TIL FLEIRI ÁRA FYRIR UPPLÝSINGASAMFÉLAGIÐ

Sundurliðun útgjaldaliða

1998 til 2002

Hundraðshlutar heildarfjárhagsáætlunar eftir flokki og ári						
	1998	1999	2000	2001	2002	Samtals frá 1998 til 2002
Vitund	9%	7 %	6%	5%	3%	mest 30%
Hagnýting	11%	11 %	11%	12%	12%	57%
Alþjóðlegt	2%	2 %	3%	3%	3%	mest 13%
Hundraðshluti af heild	22%	20%	20%	20%	18%	100%